

Mat barna – Vor 2018

18 börn úr tveimur elstu árgöngunum voru sett í þrjá rýnihópa ásamt tveimur kennurum. Tveir hópar voru aldurshreinir og einn blandaður. Farið var yfir nokkra þætti leikskólastarfsins:

Vinaverkefni Barnaheilla – Blær

Útivist / ferðir

Dyggðir / Uppbyggingarstefnan

Neysla - Grænfánaverkefni

1. Vinaverkefnið Blær.

Börnin þekktu verkefnið og það sem því tengdist. Þau nefndu mikilvægi þess að allir séu góðir hver við annan, séu vinir og leiki saman. Kennir okkur kurteisi og þolinmæði. Það kom fram að börnin mega nota hjálparbangsana ef þeim líður illa eða eru leið, þá mega þau knúsa þá, þau vilja gjarnan nota hjálparbangsana meira, hafa þá stundum með í leik. Þau töluðu um að myndirnar (spjöldin) kenni þeim/minni þau á hvernig þau eigi að haga sér og gott sé að tala um það sem er að gerast á myndunum. Kom fram hjá öllum hópum að nuddið sé gott og notalegt.

2. Útivist / ferðir

Flest barnanna voru sammála um að allt væri skemmtilegt úti, meira pláss úti. Gaman að moka, klifra upp á þak, róla, gera snjóbolta, klifurgrindin skemmtileg. Mörg nefndu að skemmtilegast væri að fara í ferð. Mismunandi hvort þau vilja heldur langar ferðir eða stuttar og sum vilja fleiri ferðir en önnur færri. Einnig töluðu þau um að gaman væri að fara í leikfimi í Fífu eða Smára en sumum finnst svolítið erfitt að ganga upp brekkuna til baka í leikskólann. „Geðveikt gaman þegar það er brunaeðing því þá þarf að klæða sig svo lítið“.

3. Dyggðir / Uppbyggingarstefnan

Börnin vita ýmislegt um dyggðirnar, geta þulið þær upp og tala um að ef við hefðum ekki dyggðirnar værum við örugglega bara að lemja hvert annað og kynnum ekki að hlýða (sbr. agi og hlýðni). Sáttmálarnir sem þau gera sjálf eru líka mjög mikilvægir. Þar sé minnst á að við séum góðir vinir, þurfum að hjálpa hvert öðru, hlæja, vera glöð og leika saman. Þau tala líka um að það sé gott að þekkja sitt hlutverk, segja það skipta miklu máli.

4. Neysla - Grænfánaverkefni

Börnin kannast ekki vel við hugtakið „neysla“ en muna eftir matarvigtnum og þekkja vel hugtakið „matarsóun“. Elstu börnin vita mun meira en yngri hópurinn um endurnýtingu og endurvinnslu og tala um endurunninn pappír, moltugerð, flokkun, o.fl.